

Fundur haldinn í menningar-, íþrótt- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í Lystigarðinum, mánudaginn 12. júní 2017, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Jakob Fannar Hansen, Walter Fannar Kristjánsson og Fanný Björk Ástráðsdóttir. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

## Dagskrá:

1. Sumarnámskeið fyrir börn
2. Hátíðir sumarsins
3. Árnaðaróskir
4. Önnur mál

### 1. Sumarnámskeið fyrir börn

Menningar og frístundafulltrúi kynnti fjölbreytt framboð sumarnámskeiða fyrir börn og aðsókn á þau námskeið sem eru byrjuð. Dreifibréf var sent í öll hús í Hveragerði varðandi sumarnámskeiðin og er einnig aðgengileg á vefsíðu Hveragerðisbæjar.

### 2. Hátíðir sumarsins

- **17. júní** - Farið yfir dagskrá 17. júní og rætt um aðkomu félaga að hátíðinni. Dagskrá 17. júní fylgdi með dreifibréfi fyrir sumarnámskeið. Dagskráin hefur tekið einhverjum breytingum sem verður kynnt á vefsíðu Hveragerðisbæjar.
- **Landsmót UMFÍ 50+** - Kynning á undirbúningi á Landsmóti UMFÍ 50+. Undirbúningsnefnd hefur fundað nokkrum sinnum síðan MÍF nefnd hittist síðast og er skráning hafin á mótið. Fyrirtæki og félög í bænum eru upplýst um landsmótið og verður margt í boði þessa helgi í bænum.
- **Blómstrandi Dagar** - Rætt um dagskrá bæjarhátíðarinnar sem fer fram 17.-20. ágúst. Dagskráin er að verða fullmótuð. Ákveðið að leita eftir hugmyndum að viðburðum hjá Hvergerðingum.

### 3. Árnaðaróskir

Menningar-, íþrótt- og frístundanevnd óskar Björgvini Karli Guðmundssyni til hamingju með sigur á Evrópu- og Afríkuleikunum í Crossfit og óskar honum velgengni á komandi Heimsleikum.

4. Önnur mál

Umræður um íþróttaskóla fyrir börn – ákveðið að taka upp viðræður við íþróttafélagið Hamar í haust.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:45

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign) *Friðrik Sigurbjörnsson*

Alda Pálsdóttir, (sign) *Alda Pálsdóttir*

Jakob Fannar Hansen, (sign) *Jakob Fannar Hansen*

Walter Fannar Kristjánsson, (sign) *Walter Fannar Kristjánsson*

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign) *Fanný B Ástráðsdóttir*

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign) *Jóhanna M. Hjartardóttir*